

---

## Minnisblað

Dagsetning: 06. desember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2010085

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19 frá og með 10. desember 2020.**

---

Þann 18. nóvember 2020 tók gildi reglugerð nr. 1105/2020 um takmörkun á samkomum innanlands vegna COVID-19 sem giltu til og með 1. desember 2020.

Frá því að reglugerðin tók gildi hafa verið sveiflur í COVID-19 faraldrinum. Í lok nóvember sást aukning í daglegum fjölda sem leiddi til að fyrrgreind reglugerð var framlengd til og með 9. desember 2020. Síðustu dagana hefur hefur tilfellum fækkað aftur einkum hjá þeim sem eru utan sóttkvíar.

Það er því ljóst að sæmileg tók hafa náðst á faraldrinum á þessari stundu en jafnframt má segja að staðan á þessum tímapunkti er viðkvæm þar sem að brugðið getur til beggja vona. Flest tilföllin hafa verið að greinast á höfuðborgarsvæðinu og upp hafa komið hugmyndir um að mismunandi hörðum sóttvarnaaðgerðir ætti að beita á mismunandi svæðum. Í óformlegri skoðanakönnun sóttvarnalæknis meðal umdæmislækna og lögreglustjóra landsins kom í ljós að skoðanir voru mjög skiptar á slíkri tilhögun. Á þessum tímapunkti þegar faraldurinn er í lágmarki alls staðar á landinu þá tel ég því ekki skynsamlegt að beita mismunandi sóttvarnaaðgerðum á mismunandi svæðum.

Vísindamenn HÍ hafa frá upphafi fylgst vel með útreiknuðum smitstuðli og nýjustu útreikningar þeirra sýna að hann er um 1,5. Þetta styður þá skoðun að staðan á þessari stundu er viðkvæm og lítið þarf til að hleypa faraldrinum aftur í uppsveiflu. Spálíkan vísindamannanna bendir til að með áframhaldandi aðgerðum þá muni tilfellum fækka hægt og bítandi en þó er nokkur óvissa í spánni.

Ég tel að þær sóttvarnaaðgerðir sem nú eru í gangi hafi skilað góðum árangri sem auðveldlega gæti tapast verði slakað of mikið á yfir jólahátíðina.

Ég legg því til eftirfarandi sóttvarnaaðgerðir frá og með 10. Desember 2020:

1. Ný reglugerði gildi fram yfir áramótin 2020/2021.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði áfram miðaðar við 10 manns með ákveðnum undantekningum sem tilgreindar verða sérstaklega hér að neðan. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin.
3. Náandarregla verði áfram tveir metrar með ákveðnum undantekningum sem tilgreindar eru hér að neðan. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin.

4. Sund- og baðstaðir megi opna fyrir 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta. Börn fædd 2005 og síðar teljist ekki með.
5. Íþróttæfingar fullorðinna fæddir 2004 og fyrr með eða án snertingar í íþróttum innan ÍSÍ verði heimilar í efstu deild. Hámarksfjöldi í hverju hólfu verði 25 manns. Æfingar afreksfólks í einstaklingsbundnum íþróttum verði heimilar. Æfingar sem krefjast snertingar innan bardagaíþróttar verði ekki heimilar. Sameiginleg búningsaðstaða verði lokuð. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsuð a.m.k. tvisvar á dag og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn. Íþróttakeppni verði óheimil.
6. Líkamsræktarstöðvar verði áfram lokaðar.
7. Sviðslistir:
  - a. Æfingar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 30 starfsmenn á sviði. Grímur verði notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Leitast verði við að viðhafa tveggja metra nándarreglu. Gætt verði að handhreinsun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
  - b. Heimilt verði að taka á móti allt að 50 sitjandi gestum í hverju hólfu og þeim gert skylt að nota grímu. Hlé og áfengissala á sýningum verði ekki leyfð.
  - c. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.
  - d. Heimilt verði að taka á móti grunn- og leikskólabörnum á sýningar með sömu takmörkunum og gilda í skólstarfi.
  - e. Verslanir megi taka á móti 5 manns per 10m<sup>2</sup> að hámarki 100 manns.
8. Reglugerð 1105/2020 a.ö.l óbreytt.